



# Talnabrunnur

## Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar

Embætti landlæknis


## Dánartíðni og dánarorsakir 2021

**Tölulegar upplýsingar um dánartíðni og dánarorsakir** landsmanna hafa verið uppfærðar og gefnar út á vef embættis landlæknis. Nýjustu tölur um dánarorsakir eru fyrir árið 2021. Tölfræði um dánarorsakir byggir á gögnum **dánarmeinaskrár** en í hana eru skráðar nákvæmar upplýsingar af **dánarvottorðum**, svo sem læknisfræðilegar upplýsingar um dánarorsök og hvernig andlát bar að.



### Heildardánartíðni

Árið 2021 létust 2.332 einstaklingar sem skráðir voru með lögheimili á Íslandi við andlát, 1.177 karlar og 1.155 konur. Heildardánartíðni árið 2021 var 626 látnir á hverja 100.000 íbúa, 616 hjá körlum og 637 hjá konum. Tæpur fjórðungur látinna árið 2021 var undir sjötugu sem er svipað hlutfall og undanfarin ár. Að öllu jöfnu eru fleiri andlát meðal karla sem eru yngri en sjötíu ára heldur kvenna sem skýrir m.a. **lengri meðalævilengd kvenna (84,1 ár) en karla (80,9 ár)**. Tæplega 30% látinna karla voru yngri en 70 ára og ríflega 18% látinna kvenna (mynd 1).




Mynd 1. Andlát eftir kyni og aldursflokkum.

## Illkynja æxli og hjartasjúkdómar

Flokka má dánarorsakir með ýmsum hætti en á vef landlæknis er m.a. sérstaklega gerð grein fyrir **tíu völdum dánarorsökum** að **fyrirmynd Sóttvarnastofnunar Bandaríkjanna**. Þar er dánartíðnin aldurstöðluð á hverja 100.000 íbúa en dánartíðni sem hefur verið stöðluð með þessum hætti leiðréttir mun sem kann að vera til staðar vegna ólíkrar aldursamsetningar í samfélögum frá einum tíma til annars. Samkvæmt fyrrnefndri greiningu létust flestir árið 2021 vegna illkynja æxla, öðru nafni krabbameina (ICD-10 kóðar: C00-C97) og næstflestir vegna hjartasjúkdóma (ICD-10 kóðar: I00-I09, I11, I13, I20-I25, I30-I33, I39-I52) en þessir tveir sjúkdómaflokkar hafa verið aðaldánarorsakir á Íslandi um langt skeið (mynd 2). Nærri helmingur allra þeirra sem létust á Íslandi árið 2021, dóu vegna fyrrnefndra sjúkdóma.

Aldurstöðluð dánartíðni á 100.000 íbúa var hæst í flokki illkynja æxla árið 2021, bæði hjá körlum (177,8) og konum (145,5). Þrátt fyrir að vera algengasta dánarorsökin hjá báðum kynjum hefur aldurstöðluð dánartíðni krabbameina lækkað verulega undanfarna áratugi, um tæplega 41% hjá körlum frá árinu 1996 en um 30% hjá konum á sama tímabili.

Flestir karlmenn sem létust vegna krabbameina árið 2021 dóu vegna illkynja æxlis í barkakýli, barka, berkju eða lunga, alls 66 karlar (ICD-10 kóðar: C32-C34) og vegna illkynja æxlis í blöðruhálskirtli, 57 karlar (ICD-10 kóðar: C61). Þetta hefur verið óbreytt um árabíl. Andlát flestra kvenna sem létust vegna krabbameina árið 2021 mátti, eins og hjá körlum, rekja til illkynja æxlis í barkakýli, barka, berkju eða lunga, 64 konur og til illkynja æxlis í brjósti, 52 konur (ICD-10 kóðar: C50). Um tveir af hverjum þremur einstaklingum sem létust úr illkynja æxlum árið 2021 voru 70 ára og eldri en tæplega þriðjungur á aldrinum 40-69 ára.



Mynd 2. Aldurstöðluð dánartíðni eftir kyni á 100.000 íbúa vegna illkynja æxla og hjartasjúkdóma, 1996-2021.

Þegar hjartasjúkdómar eru annars vegar létust fleiri karlmenn (152,8/100.000) vegna þeirra heldur en konur (83,9/100.000) árið 2021 (mynd 2). Aldur er stór áhættuþáttur hjartasjúkdóma en um 84% andláta í þessum flokki dánarorsaka var hjá einstaklingum sem voru 70 ára og eldri.

Þrátt fyrir að dánartíðni hjartasjúkdóma sé enn há þá hefur aldurstöðluð tíðni þeirra lækkað umtalsvert frá árinu 1996 og á það bæði við um karla og konur. Hjá körlum hefur aldurstöðluð dánartíðni vegna hjartasjúkdóma til að mynda lækkað um tæplega 57% undanfarinn aldarfjórðung en um liðlega 50% meðal kvenna. **Þessa jákvæðu þróun má að miklu leyti rekja til framfara í læknisfræðilegri meðferð og til betri lífnaðarháttá, svo sem minni reykinga og aukinnar meðvitundar um háþrýsting.** Á hinn bóginn hefur orðið **veruleg aukning á offitu og sykursýki af tegund II** undanfarin


ár. Það, ásamt hækkandi meðalaldri þjóðarinnar, getur leitt til þess að hægja mun á þeim árangri sem náðst hefur í baráttunni við hjartasjúkdóma undanfarna áratugi.

## Sjálfsvíg

Ein af þeim tíu völdu dánarorsökum sem sérstaklega er gerð grein fyrir á vef landlæknis eru **sjálfsvíg** (ICD-10 kóði: X60-X84). Sjálfsvíg eru fremur fátíð miðað við stærstu flokka dánarorsaka en vekja þó gjarnan umræðu enda um ótímabær andlát að ræða. Litlar breytingar á fjölda sjálfsvíga valda óhjákvæmilega nokkrum sveiflum í dánartíðni hjá fámennri þjóð. Vegna þessa er mikilvægt að túlka tölur einstakra ára af varúð enda getur verið um tilviljanakenndar sveiflur að ræða. Til að jafna sveiflur milli ára og draga fram langtímaþróun í tíðni sjálfsvíga getur verið heppilegra að notast við meðaltöl nokkurra ára frekar en tíðni hvers árs.

Síðastliðinn áratug hefur árlegur fjöldi sjálfsvíga verið á bilinu 34–49 og hefur aldurstöðluð dánartíðni verið um 12 á hverja 100.000 íbúa (mynd 3). Sé litið til tíu ára þar á undan voru sjálfsvíg að meðaltali 11 á hverja 100.000 íbúa (aldursstaðlað).

Sjálfsvíg eru að jafnaði tíðari meðal karla heldur en kvenna. Á síðustu tíu árum voru að meðaltali 31 sjálfsvíg árlega hjá körlum og 9 hjá konum. Það samsvarar því að um 18 karlmenn af hverjum 100.000 hafi látist vegna sjálfsvíga á þessu tíu ára tímabili og um 5 af hverjum 100.000 konum. Um 44% sjálfsvíga undanfarin áratug voru meðal fólks undir fertugu.



Mynd 3. Aldurstöðluð dánartíðni eftir kyni á 100.000 íbúa vegna sjálfsvíga, 1996-2021.

## COVID-19

Skráning andláta vegna COVID-19 var samræmd á alþjóðavísu árið 2020 til þess að auðvelda samanburð milli landa. Alls létust 6 einstaklingar með skráð lögheimili hér á landi vegna COVID-19 (ICD-10 kóði U07) árið 2021, fimm karlar og ein kona. Þriðjungur þeirra sem létust var undir sjötugu. Til samanburðar þá létust þrjátíu árið 2020 vegna COVID-19.

## Krufningar og krufningatíðni

Heildarkrufningatíðni, þ.e. hlutfall krufninga af heildarfjölda andláta, var 10,5% árið 2021. Er það lægra hlutfall en árið 2020 þegar krufningatíðnin var 12%. Það ár fjölgaði krufningum hins vegar umtalsvert eftir fækkun allmörg ár á undan.

Gerður er greinarmunur á krufningu eftir því hvort um réttarkrufningu er að ræða eða læknisfræðilega krufningu. Réttarkrufning er gerð að frumkvæði lögreglu ef vettvangsrannsókn sýnir að dauðsfall megi rekja til refsiverðrar háttsemi eða þegar ekki er hægt að ákvarða dánarorsök. Árið 2021 var hlutfall réttarkrufninga af heildarfjölda andláta 9,5% sem er heldur lægra hlutfall en árið á undan (10,8%). Hlutfall réttarkrufninga er að öllu jöfnu nokkru hærra hjá körlum (12,7% árið 2021) en hjá konum (6,1% árið 2021).

Dregið hefur úr læknisfræðilegum krufningum undanfarna áratugi en hlutfall þeirra var 1% af heildarfjölda andláta árið 2021. Framkvæma má krufningu í læknisfræðilegum tilgangi hafi hinn látni veitt til þess heimild fyrir andlátíð en nánasti aðstandandi getur þó einnig samþykkt krufningu ef sannað þykir að það sé ekki í andstöðu við vilja hins látna.



Mynd 4. Krufningatíðni 2003-2021.

## Tölfræði uppfærð árlega

Tölfræði um dánarorsakir er birt árlega eftir að skráningu og kóðun vottorða undangengins árs er lokið ásamt viðeigandi gæðaprófunum. **Birt efni má nálgast á vef embættis landlæknis.**

Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

Jón Óskar Guðlaugsson

Efni	Bls.	Ritstjórn	Embætti landlæknis
Dánartíðni og dánarorsakir 2021	1	Hildur Björk Sigbjörnsdóttir, ritstjóri Sigríður Haralds Elínardóttir, ábm. Védís Helga Eiríksdóttir	Katrínartúni 2 105 Reykjavík S. 510 1900 mottaka@landlaeknir.is www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið